

## Tillögur stjórnar

### Hluthafafundur Sjóvá-Almennra trygginga hf.

26. október 2018

Á aðalfundi Sjóvá-Almennra trygginga hf. 15. mars 2018 var samþykkt tillaga Gildis lífeyrissjóðs til leiðbeiningar fyrir stjórn, um að stjórn væri falið að undibúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Tillaga stjórnar að fyrirkomulagi tilnefningarnefndar og starfsreglur fyrir hana skyldi borin undir hluthafafund til samþykktar sem halda skyldi á árinu 2018. Miða skyldi við að fulltrúar í tilnefningarnefnd væru kosnir með beinni kosningu á hluthafafundi, nema hluthafafundur samþykkti það fyrirkomulag að stjórn skipaði einn stjórnarmann í nefndina.

Stjórn Sjóvár boðar nú til hluthafafundar og gerir tillögu um að koma á fót tilnefningarnefnd í félaginu og að unnið verði eftir hinu nýja fyrirkomulagi við kosningu stjórnar á aðalfundi árið 2019. Á hluthafafundinum verði nefndinni þannig komið á fót og henni skapaður formlegur starfsvettvangur með því að lagðar verði fram til samþykktar tillögur um breytingar á samþykktum félagsins og tillögur um starfsreglur tilnefningarnefndar.

### Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. leggur fram eftirfarandi tillögur fyrir hluthafafundinn:

#### Dagskrárlíður 1. – Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins

##### Tillaga I:

Lagt er til að nýr töluliður, 8. töluliður, bætist við 1. mgr. 16. gr. og breytast númer síðari töluliða samkvæmt því. 8. töluliður orðist svo:

*„Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.“*

Lagt er til að nógildandi 8. töluliður, sem verður 9. töluliður, orðist svo:

*„Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.“*

Í heild mun 1. mgr. 16. gr. þá verða svohljóðandi:

„Á aðalfundi félagsins skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári og framlög í varasjóð.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins skal lögð fram og atkvæði greidd um hana.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
8. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.
9. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.
10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem löglega eru upp borin.“

**Tillaga II:**

Lagt er til að heiti IV. kafla samþykktanna verði: „Starfsemi og stjórn félagsins, tilnefningarnefnd“

Greinargerð:

Þar sem gerð er tillaga um nýja grein í samþykktunum, sem verði 22. gr. og fjallar um tilnefningarnefnd, þá er lagt til að heiti nefndarinnar verði bætt inn í fyrirsögn IV. kafla samþykktanna.

**Tillaga III:**

Lagt er til að breyting verði gerð á 3. málslíð 1. mgr. 18. gr. sem orðist svo:

*„Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það til tilnefningarnefndar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar á þar til gerðu eyðublaði sem tilnefningarnefnd lætur í té og skal vera aðgengilegt á vefsíðu félagsins.“*

Lagt er til að breyting verði gerð á 5. málslíð 1. mgr. 18. gr. sem orðist svo:

*„Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu, auk annarra upplýsinga sem tilnefningarnefnd kann að óska eftir.“*

Lagt er til að á eftir 1. mgr. 18. gr. komi ný málsgrein sem verði 2. mgr. og orðist svo.

*„Eigi síðar en þremur dögum eftir að framboðsfresti lýkur skv. 1. mgr. skal tilnefningarnefnd meta hvort frambjóðandi sé óháður gagnvart félaginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Hafa skal leiðbeiningar og reglur um góða stjórnarhætti eins og þær eru á hverjum tíma til hliðsjónar við matið. Um leið og mat tilnefningarnefndar hefur farið fram skal það birt á vefsíðu félagsins, ásamt tillögum tilnefningarnefndar um kosningu til stjórnar samkvæmt starfsreglum nefndarinnar.“*

Greinargerð:

Hér er lagt til að það sé í verkahring tilnefningarnefndar, en ekki stjórnar, að leggja mat á hvort frambjóðendur séu óháðir gagnvart félaginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Leiðir slíkt af eðli máls eftir að tilnefningarnefnd hefur verið skipuð í félaginu og er í samræmi við hlutverk nefndarinnar samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Lagt er til að á eftir 2. mgr. 18. gr. komi ný málsgrein sem verði 3. mgr. og orðist svo:

*„Í starfsreglum tilnefningarnefndar er kveðið á um hvernig nefndin skuli leggja mat á hæfni frambjóðenda til stjórnar. Vegna eðlis og umfangs hæfnismatsins og til að tryggja að tilnefningarnefnd geti lagt mat á framboð er mælt til að framboð til stjórnar berist nefndinni skemmst tveimur vikum fyrir aðalfund. Nefndin skal birta hæfnismat vegna framboða sem berast innan fyrrgreindra tímamarka á vefsíðu félagsins a.m.k. tveimur dögum fyrir aðalfund, ásamt fyrirbyggjandi tillögum nefndarinnar á þeim tíma. Nefndin skal leitast við að leggja mat á hæfni frambjóðenda, þó framboð berist skemur en tveimur vikum fyrir aðalfund, sé þess nokkur kostur og skal þá einnig birta slíkt mat á vefsíðu félagsins a.m.k. tveimur dögum fyrir aðalfund.“*

Greinargerð:

Í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja er talað um að tilnefningarnefnd skuli óska eftir tillögum frá hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund félags þar sem eðlilegt er að nefndin hafi svigrúm til að meta fram komnar tillögur. Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. a. hlutafélagalaga skal tilkynna um framboð skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund þar sem kjósa á félagsstjórn og verður því ekki vikið frá þeim fresti. Vegna eðlis og umfangs hæfnismats tilnefningarnefndar kann að vera örðugt fyrir hana að leggja mat

á hæfni þeirra frambjóðenda sem tilkynna um framboð svo skömmu fyrir aðalfund. Er því lagt til að mælst sé til þess í samþykktum að framboð til stjórnar berist til tilnefningarnefndar eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund til að öruggt sé að nefndin geti lagt mat á framboð. Engu að síður er lagt til að nefndin leitist við að leggja mat á hæfni frambjóðenda vegna framboða sem berast síðar, sé þess nokkur kostur. Í sumum tilvikum kann slíkt þó að reynast ómögulegt.

Lagt er til að breyting verði gerð á 1. málslíð nógildandi 2. mgr. 18. gr., sem verður 1. málslíður 4. mgr., og orðist svo:

*„Stjórnarkjör skal fara fram sem hlutfallskosning milli þeirra einstaklinga sem tilkynnt hafa tilnefningarnefnd um framboð sitt.“*

Verði ný 2. mgr. og ný 3. mgr. samþykkt þá leiðir það til þess að nógildandi 2. – 4. mgr. verða eftirleiðis 4. – 6. mgr. 18. gr. samþykktanna.

Í heild mun 18. gr. þá verða svohljóðandi:

*„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur varamönnum. Aðalfundur félagsins kýs stjórn og skal kjörtímabil hennar vera til næsta aðalfundar. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það til tilnefningarnefndar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar á þar til gerðu eyðublaði sem tilnefningarnefnd lætur í té og skal vera aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Þeir einir eru kjörgengir á aðalfundi sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu, auk annarra upplýsinga sem tilnefningarnefnd kann að óska eftir. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.“*

Eigi síðar en þremur dögum eftir að framboðsfresti lýkur skv. 1. mgr. skal tilnefningarnefnd meta hvort frambjóðandi sé óháður gagnvart félaginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut félaginu eða meira. Hafa skal leiðbeiningar og reglur um góða stjórnarhætti eins og þær eru á hverjum tíma til hliðsjónar við matið. Um leið og mat tilnefningarnefndar hefur farið fram skal það birt á vefsíðu félagsins, ásamt tillögum tilnefningarnefndar um kosningu til stjórnar samkvæmt starfsreglum nefndarinnar.

Í starfsreglum tilnefningarnefndar er kveðið á um hvernig nefndin skuli leggja mat á hæfni frambjóðenda til stjórnar. Vegna eðlis og umfangs hæfnismatsins og til að tryggja að tilnefningarnefnd geti lagt mat á framboð er mælst til að framboð til stjórnar berist nefndinni skemmst tveimur vikum fyrir aðalfund. Nefndin skal birta hæfnimat vegna framboða sem berast innan fyrrgreindra tímamarka á vefsíðu félagsins a.m.k. tveimur dögum fyrir aðalfund, ásamt fyrirliggjandi tillögum nefndarinnar á þeim tíma. Nefndin skal leitast við að leggja mat á hæfni frambjóðenda, þó framboð berist skemur en tveimur vikum fyrir aðalfund, sé þess nokkur kostur og skal þá einnig birta slíkt mat á vefsíðu félagsins a.m.k. tveimur dögum fyrir aðalfund.

Stjórnarkjör skal fara fram sem hlutfallskosning milli þeirra einstaklinga sem tilkynnt hafa tilnefningarnefnd um framboð sitt. Hún skal fara þannig fram að nöfnum allra frambjóðenda er raðað á einn atkvæðaseðil. Hver maður má greiða frá einum og upp í fimm mönnum atkvæði. Atkvæðamagni sínu má hann skipta í þeim hlutföllum sem hann vill milli frambjóðendanna. Skipti hann því ekki sjálfur skal miðað við að það skiptist jafnt á milli þeirra sem hann kýs.

Fyrstu fjögur stjórnarsætin skulu skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði við kjörið. Sá einstaklingur, karl eða kona, sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fjórum stjórnarmönnum að atkvæðamagni, skal teljast réttkjörinn sem fimmti stjórnarmaðurinn. Skulu varastjórnarsætin skipa

sá karl og sú kona sem fá flest atkvæði við kjörið. Hafi ekki nægilega margir af hvoru kyni boðið sig fram til stjórnar skal starfandi stjórn félagsins boða til nýs hluthafafundar þar sem fullnægjandi framboð beggja kynja skal tryggt.

Stjórnarmenn félagsins og framkvæmdastjóri skulu fullnægja þeim hæfisskilyrðum, sem sett eru í hlutafélagalögum og lögum um váttryggingarstarfsemi eftir því sem við á.“

#### **Tillaga IV:**

Lagt er til að á eftir núgildandi 21. gr. komi ný grein, sem verði 22. gr., og að 22. – 27. gr. samþykktanna verði eftirleiðis 23. – 28. gr. Ný 22. gr. hafi fyrirsögnina „Tilnefningarnefnd“ og orðist svo:

*„Félagið skal hafa starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það meginhlutverk að tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu í félaginu þegar kosning til stjórnar er á dagskrá hluthafafundar.*

*Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir kosnir til tveggja ára á aðalfundi félagsins. Nefndin skal vera sjálfstæð í störfum sínum og skulu stjórnarmenn félagsins ekki eiga sæti í nefndinni.*

*Í starfsreglum tilnefningarnefndar, sem samþykktar skulu á hluthafafundi, skal nánar kveðið á um kjörgengi og framboð til tilnefningarnefndar, kosningu nefndarmanna, mat á óhæði þeirra svo og um störf og starfshætti nefndarinnar.“*

#### Greinargerð:

Með tilkomu nýrrar 22. gr. er tilnefningarnefnd mörkuð ákveðin staða í stjórnkerfi félagsins og kveðið á um hvernig og hún skuli skipuð. Lagt er til að stjórnarmenn taki ekki sæti í nefndinni, en til að skapa meiri festu og reynslu í starfi nefndarinnar er lagt til að skipunartími nefndarmanna verði tvö ár og að þeir skuli kosnir á aðalfundi sbr. þó ákvæði til bráðabirgða skv. tillögu V hér að neðan.

#### **Tillaga V:**

Lagt er til að við samþykktirnar bætist ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:

*„Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 22. gr. skulu þrír menn kosnir í tilnefningarnefnd á hluthafafundi 26. október 2018 til að tilnefna stjórnarmenn í stjórn félagsins við stjórnarkjör á aðalfundi 2019 og 2020. Skal skipan þeirra gilda fram að aðalfundi árið 2020. Ákvæði þetta fellur á brott að loknum aðalfundi árið 2020.“*

#### Greinargerð:

Gert er ráð fyrir því að tilnefningarnefnd taki til starfa strax að loknum hluthafafundinum 26. október 2018 og nefndin leggi fram tillögur sínar um hverjir skuli skipa stjórn félagsins fyrir aðalfund árið 2019. Því er nauðsynlegt að víkja frá ákvæði 2. mgr. 22. gr., verði tillaga að nýrri 22. gr. samþykkt, þar sem kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd fer ekki fram á aðalfundi félagsins, líkt og 2. mgr. 22. gr. kveður á um, heldur á hluthafafundi 26. október 2018. Þá er einnig lagt til að í bráðabirgðaákvæðinu komi fram með skýrum hætti að skipunartími nefndarmanna gildi til aðalfundar félagsins árið 2020.

### **Dagskrárliður 2. – Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar**

Stjórn leggur eftirfarandi tillögu um starfsreglur tilnefningarnefndar til samþykktar hluthafafundar:

### **Starfsreglur tilnefningarnefndar Sjóvá-Almennra trygginga hf.**

Tilnefningarnefnd starfar á grundvelli heimildar í 22. gr. samþykpta félagsins. Hluthafafundur setur nefndinni eftirfarandi reglur:

## 1. Tilgangur og markmið

1.1. Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í félaginu. Í störfum sínum skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt.

## 2. Skipun og samsetning

2.1. Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir kosnir á aðalfundi til tveggja ára.

2.2. Stjórnarmenn félagsins, stjórnendur þess og starfsmenn skulu ekki eiga sæti í nefndinni.

2.3. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. A.m.k. einn nefndarmanna skal vera óháður hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Stjórn Sjóváar skal meta óhæði nefndarmanna skv. 2. mgr. 18. gr. samþykktá félagsins að breyttu breytanda.

2.4. Framboð til tilnefningarnefndar skal hafa borist skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund. Um tilkynningu um framboð til nefndarinnar fer að öðru leyti skv. 1. mgr. 18. gr. samþykktá félagsins að breyttu breytanda.

2.5. Kosning í tilnefningarnefnd skal fara fram sem hlutfallskosning milli þeirra einstaklinga sem tilkynnt hafa um framboð sitt sbr. 4. mgr. 18. gr. samþykktá félagsins að breyttu breytanda.

2.6. Tilkynna skal um skipun nefndarmanna á vefsíðu félagsins ekki síðar en 6 mánuðum fyrir aðalfund.

## 3. Fundir

3.1. Tilnefningarnefnd kýs sér formann úr hópi nefndarmanna á fyrsta fundi sem nefndin kemur saman. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum og skal sjá um að fundargerð sé færð.

3.2. Nefndin skal funda að lágmarki tvisvar á starfsári og oftár ef þurfa þykir.

3.3. Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma til kasta nefndarinnar. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi haft tók á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

## 4. Hlutverk og ábyrgðarsvið

4.1. Tilnefningarnefnd hefur það hlutverk að tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu í félaginu þegar kosning til stjórnar er á dagskrá hluthafafundar.

4.2. Helstu verkefni tilnefningarnefndar eru að:

- a) óska eftir tillögum um framboð til stjórnar frá hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund félagsins,
- b) upplýsa um hvernig hluthafar geti lagt fram tillögur fyrir tilnefningarnefndina og hvernig aðrir geta komið framboðum sínum á framfæri,
- c) útbúa framboðseyðublað og sjá til þess að það sé aðgengilegt á vefsíðu félagsins,
- d) sjá til þess að skil framboðstilkynninga séu í samræmi við lög og samþykktir félagsins,
- e) meta frambjóðendur út frá hæfni, reynslu og þekkingu þeirra,
- f) meta óhæði frambjóðenda,
- g) gæta að kynjahlutföllum í stjórn félagsins,
- h) undirbúa og leggja fram tillögu að tilnefningu frambjóðenda til stjórnarsetu,
- i) greina frá því á aðalfundi hvernig nefndin hafi hagað störfum og rökstyðja tilnefningar sínar,
- j) yfirfara starfsreglur þessar og gera tillögu að breytingum til að leggja fyrir hluthafafund sé þörf á.

4.3. Við undirbúning og gerð tillögu að tilnefningu frambjóðenda til stjórnarsetu skal nefndin m.a. líta til þess að samsetning stjórnar sé sem best í samræmi við starfsemi og stefnu félagsins og hún beri með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Skal nefndin m.a. notast við niðurstöður árangursmats stjórnar er varðar samsetningu stjórnar og hæfni stjórnarmanna.

## 5. Heimildir

5.1. Tilnefningarnefnd skal í störfum sínum hafa aðgang að þeim gögnum sem nefndin telur nauðsynleg til að gegna hlutverki sínu. Aðgangur að gögnum og starfsmönnum félagsins skal þó vera bundinn þeim hömlum sem gilda um aðgengi stjórnarmanna í váttryggingafélögum samkvæmt gildandi löggjöf og starfsreglum stjórnar.

5.2. Tilnefningarnefnd er heimilt að leita til utanaðkomandi ráðgjafa í störfum sínum og skulu þeir þá vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Nefndin skal ganga úr skugga um óhæði ráðgjafa en við það mat skal nefndin notast við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið.

## 6. Trúnaðarskylda

6.1. Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni félagsins og önnur atriði sem þeir öðlast vitneskju um í störfum sínum og leynt skulu fara, nema um sé að ræða málefni sem nefndinni ber að gera opinber vegna starfsskyldna. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt látið sé af störfum.

## 7. Gildistaka

7.1. Starfsreglur þessar eru samþykktar á hluthafafundi Sjóvá-Almennra trygginga hf. 26. október 2018 og öðlast þegar gildi. Starfsreglurnar skulu birtar á vefsíðu félagsins.

### Ákvæði til bráðabirgða

Vegna starfa tilnefningarnefndar í tengslum við kosningu til stjórnar félagsins á aðalfundi árið 2019 skal þrátt fyrir ákvæði í 1., 4., og 6. mgr. 2. gr. haga kjöri og skipun í tilnefningarnefnd í samræmi við ákvæði til bráðabirgða við samþykktir félagsins vegna þess stjórnarkjörs og einnig vegna stjórnarkjörs á aðalfundi árið 2020. Auk þess skal framboð til tilnefningarnefndar hafa borist skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir hluthafafundinn 26. október 2018. Tilkynnt skal um skipun nefndarmanna á vefsíðu félagsins samdægurs eftir hluthafafundinn.

### Greinargerð við tillögu um starfsreglur tilnefningarnefndar:

Stjórn leggur tillögu um starfsreglur tilnefningarnefndar til samþykkis hluthafafundar með vísan til 3. mgr. 22. gr. samþykta félagsins eins og miðað er við að sú grein hljóði verði tillögur um breytingar á samþykktum félagsins samþykktar. Ekki er talin þörf á sérstökum athugasemdum varðandi einstök ákvæði í starfsreglunum, en við gerð þeirra var tekið mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Þar sem gert er ráð fyrir að tilnefningarnefnd sé kosin til tveggja ára og hefji þegar störf vegna aðalfundar árið 2019 er að finna bráðabirgðarákvæði í starfsreglunum um skipan, framboð og tilkynningu um skipan nefndarinnar.

### **Dagskrárliður 3. – Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd**

Lagt er til að þóknun fyrir setu í tilnefningarnefnd verði kr. 90.000 fyrir hvern fund og tvöföld þóknun fyrir formann nefndarinnar.

**Dagskrárliður 4. – Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd**

Stjórn félagsins leggur til að kosið verði í tilnefningarnefnd. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í tilnefningarnefnd skulu tilkynna stjórn um framboð sitt skemmst fimm dögum fyrir hluthafafundinn á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast á vefsíðu félagsins. Hægt er að senda framboðstilkynningar á veffangið [stjorn@sjova.is](mailto:stjorn@sjova.is). Upplýsingar um frambjóðendur til setu í tilnefningarnefnd verða aðgengilegar á vefsíðu félagsins a.m.k. tveimur dögum fyrir fundinn.